

4. 2405106 - Vesturgata 130 - grenndarkynning - loftræsikerfi

Breytingar á deiliskipulagi Stofnanareits vegna Vesturgötu 130. Heimilt verður að koma fyrir loftræsisamstæðu á þaki lágbyggingar fyrstu hæðar við þann gafl er snýr að Háholti. Einnig verður heimilt að klæða gafla hússins með áklæðningu. Grenndarkynnt var frá 17. maí til 18. júní 2024 fyrir lóðarhöfum Háholts 1 og 3, Brekkubrautar 1, Vesturgötu 123, 125, 127, 129, 131, 133 og 134. Fjórar athugasemdir bárust. Skipulagsfulltrúi leggur fram tillögu að svörum við athugasemdum sem bárust við grenndarkynningu.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt, send Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda. Jafnframt er lagt til við bæjarstjórn að ofangreind greinargerð skipulagsfulltrúa verði svar bæjarstjórnar vegna þeirra athugasemda sem bárust við deiliskipulagsbreytinguna.

5. 2207011 - Deiliskipulag Dalbrautarreitur norðurhluta

Vinnslutillaga vegna endurskoðun deiliskipulags Dalbrautarreits Norður var kynnt að Dalbraut 4, Akranesi, 27. maí kl. 17:00 skv. 3. mgr. 40 gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Skipulagsfulltrúi leggur fram tillögu að svörum við athugasemdum sem bárust við skipulagslýsingu á kynningarfundu.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir framlagða greinargerð skipulagsfulltrúa sem svar við ábendingum við skipulagslýsingu sem fram komu á kynningarfundu 27. maí sl.

6. 2308070 - Endurgerð gatna 2024

Útboðsgögn og kostnaðaráætlun fyrir verkið lögð fram.

Skipulags- og umhverfisráð felur umhverfisstjóra að bjóða út endurgerð gatna og gangstéttu og nýbyggingu gangstéttu í samræmi við fyrirliggjandi útboðsgögnum. Um er að ræða:

Leynisbraut, malbiksyfirlögn.

Hafnarbraut, endurnýjun bílastæða og göngusvæðis.

Akranesvegur frá Hausthúsatorgi að Kalmanstorgi, fræsing og malbikun.

Gangstéttir í nýjum hverfum.

Endurgerð steypufleka í götum og endurgerð gangstéttu í eldri hverfum.

Gönguþveranir á Háholti, Vogabraut og Asparskógum.

7. 2309058 - Bjarnalaug rampur

Tillaga að nýjum inngangsrampi að Bjarnalaug kynnt.

Skipulags- og umhverfisráð felur sviðstjóra að leggja fram áætlun um kostnað við tillögu að nýjum inngangsrampi. Málið komi til umfjöllunar í fjárhagsáætlun 2025.

8. 2310026 - Tjaldsvæði í Kalmansvík

Umfjöllun um ástand tjaldsvæðisins.

Skipulags- og umhverfisráð felur sviðstjóra skipulags- og umhverfissviðs að meta ástandið og koma með tillögu að úrbótum.

**301. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Klöpp,
mánudaginn 1. júlí 2024 og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Guðmundur Ingþór Guðjónsson formaður, Sædís Alexía
Sigurmundsdóttir varaformaður, Anna Sólveig Smáradóttir aðalmaður, Sigurður
Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Lárus
Ársælsson umhverfisstjóri og Alfreð Þór Alfreðsson rekstrarstjóri.

Fundargerð ritaði: Anna Berta Heimisdóttir, fulltrúi.

Fyrir tekið:

1. 2311273 - Keilufélag Akraness - húsnæðismál

Málið var tekið fyrir 12. maí sl. í skóla- og frístundaráði, sem vísaði málinu áfram til skipulags- og umhverfisráðs. Bókun skóla- og frístundaráðs er eftirfarandi: Skóla- og frístundaráð leggur áherslu á mikilvægi þess að hreinsunarstarfi í keilusalnum ljúki sem allra fyrst. Sviðsstjóra, forstöðumanni íþróttamannvirkja og rekstarstjóra er falið að vinna málið áfram í samstarfi við stjórn Keilufélags Akraness. Jafnframt vísar skóla- og frístundaráð málinu til umfjöllunar í skipulags- og umhverfisráð til nánari útfærslu á verk- og tímaáætlun á fyrirhuguðum endurbótum á rými keilusalarins.

Skipulags- og umhverfisráð leggur áherslu á að hreinsun á keilusal verði lokið fyrir mánaðamót júlí-ágúst 2024.

2. 2406251 - Tónlistarskóli - erindi frá starfsfólk TOSKA

Skóla- og frístundaráð tók fyrir á fundi sínum 26. júní s.l. erindi frá starfsfólk Tónlistarskólans á Akranesi um ýmis málefni er snúa að starfsemi skólans. Þar á meðal ástandi á lofræsikerfi og hitastýringu skólans. Skóla- og frístundaráð vísar þeim hluta erindisins til umfjöllunar í skipulags- og umhverfisráð.

Skipulags- og umhverfisráð felur rekstarstjóra að fylgja eftir fyrirliggjandi áætlun um að bæta virkni á lofræsikerfi og hitastýringu í Tónlistarskóla.

3. 2402172 - Óviðunandi aðstæður fjargeymslu BÍG

Málið var tekið fyrir 26. júní sl. á fundi menningar- og safnanefnd, sem vísaði málinu áfram til skipulags- og umhverfisráðs. Bókun menningar- og safnanefnd er eftirfarandi: Menningar- og safnanefnd fagnar því að fjargeymslumál Byggðasafnsins séu til umræðu og einhverjar mögulegar lausnir séu í sjónmáli. Hvetur nefndin skipulags- og umhverfissvið til þess að bregðast fljótt við. Nefndin tekur fram að hafa þarf gott samráð við forstöðumann safnsins varðandi skilyrði safnaráðs um varðveisluhúsnæði.

Óskað er eftir afstöðu menningar- og safnanefndar og skipulags- og umhverfisráðs varðandi tillögu að tímabundinni lausn á fjargeymsluvanda Byggðasafnsins í Görðum.

Skipulags- og umhverfisráð óskar eftir að fá forsvarsmenn safnamála á fund ráðsins til að yfirfara mögulega valkostu í geymslu safnmuna.

LS

301. fundur mánudaginn 1. júlí 2024

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00.

Göðan - Sigrún Þorgerður

Anna Sigrún Smárðóttir

Sævis Alexia Sigurmundsdóttir.

Sig. Q. H.